

Reykjavíkurborg  
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
01 MARS 2010 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. febrúar 2010  
UST20100100368/abg

### Deiliskipulag fyrir Lambhagareit við Vesturlandsveg

Umhverfisstofnun hefur borist erindi Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar dags 8.janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Lambhagareit við Vesturlandsveg.

#### Almennt um framkvæmd

Deiliskipulagssvæðið Lambhagareitur, nær til 14,8 ha lands og er alls 8 lóðir. Lóðirnar eru skilgreindar sem ræktunarlóðir samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir göngustíg með undirgöngum við Vesturlandsveg til vesturs og undir Lambhagaveg til austurs. Einungis er til staðfest deiliskipulag fyrir Lambhaga og lóðablöð fyrir hinar sjö lóðirnar og er markmið nýja deiliskipulagsins að leggja fram heildstætt skipulag fyrir allar lóðirnar.

#### Náttúruminjar

Úlfarsá er svæði nr.130 á náttúruminjasrá og nær frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 metra breiðum bakka beggja vegna árinna. Úlfarsá er fögur og góð laxveiðiá með grónum vallengisbökkum. Syðstu lóðir deiliskipulagsins liggja allt að 30 – 80 metrum frá Úlfarsá. Á því svæði hvílir einnig hverfisvernd skv. gildandi aðalskipulagi sem miðar m.a að því að varðveita votlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37.grein laga um náttúruvernd þá skuli mýrar og flóar stærri en 3 ha njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og hægt er. Stofnunin tekur undir það sem stendur í greinargerð um deiliskipulagið að starfsemi innan Lambhagareits megi á engan hátt spilla fyrir lífríki og útivistargildi svæðisins við og meðfram Úlfarsá, hvorki beint né óbeint og að óheimilt verði áfram að nota áburðarefni og önnur skaðleg efni sem spillt geta lífríki Úlfarsár og mengað grunnvatn.


## Mannvirkjagerð


Lóðamörk munu að mestu leyti verða óbreytt frá fyrra horfi. Lóðamörk Fífilbrekku í norðri munu breytast og stækkar lóðin um 2.416 m<sup>2</sup>.

## Lagnir og veitumál

Í matslýsingu um deiliskipulagstillögu kemur fram að allar raflagnir, vatnslagnir og símalagnir eru nú þegar til staðar innan reitsins. Fráveitustofnlögn er einnig til staðar en tengingar inn á hana eru ekki tilbúnar. Umhverfisstofnun bendir á að endanlegur skipulagsuppdráttur skuli innihalda merkingar á staðsetningu rotþrór og þurfa rotþró og siturlagnir að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)).

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Lambhagareits við Vesturlandsveg.

Virðingarfyllst  
  
Aðalbjörg Birna  
Guttormsdóttir

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri